

Hafnarfirði, 3. janúar 2023

Gleðilegt nýtt ár kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn!

Það styttist í að skólastarf hefjist að nýju. Stundatöflur nemenda verða birtar á INNU síðar í dag og **fyrsti kennsludagur vorunnar er föstudagurinn 6. janúar** en þá er kennt samkvæmt **hraðtöflu**, sjá nánar á heimasíðu skólans og í tölvupósti frá Árna Stefáni Guðjónssyni, áfangastjóra. Kennsla hefst svo samkvæmt **stundatöflu mánudaginn 9. janúar**. Það er alltaf **mikilvægt að byrja önn vel**, mæta vel og með öll námsgögn frá og með fyrsta degi, kynna sér námsefni áfangans vel og fyrirkomulag námsmats, verkefnaskil, hlutapróf og fleira, og fylgjast vel með öllum tilkynningum varðandi námið í INNU. Þannig farnast ykkur best í náminu.

Töflubreytingar eldri nemenda standa yfir í Innu frá **4. - 6. janúar**. Nánari leiðbeiningar má finna á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).

Með hækkandi sól fer svo **félagslíf nemenda** aftur á flug. Framundan eru keppnir í Gettu betur og Morfís og svo fer glæsileg árshátíð NFF fram í mars. Í því samhengi er mikilvægt að minna á **heimasíðu skólans**, flensborg.is og síður skólans á samfélagsmiðlunum en þar má finna allar helstu fréttir úr skólastarfinu, auk upplýsinga um skólastarfið á önninni, námið almennt og þá þjónustu sem skólinn veitir nemendum sínum.

Með von um ánægjulegt samstarf á vorönninni og kærri kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594

